



---

# Skógarvörðurinn á Norðurlandi Starfsskýrsla fyrir árið 2004



Ferðafólk í Vaglaskógi

**Sigurður Skúlason**

## 1. VEÐURFAR ÁRSINS

### 1.1. Tíðarfarsyfirlit

**Í janúar** bar mest á sunnan- og suðaustlægum áttum, þó nokkuð væri um norðlægar áttir. Hámarkshiti mældist 7.5 stig, 21. janúar. Lágmarkshiti mældist –16.6 stig, 16. janúar. Meðalhiti í janúar var –4.11 stig. Meðalsnjódýpt í janúar var 73 cm., mest 107 cm. 18., 19. og 20. janúar. Úrkoma í janúar var 201.5 mm, mest 47.2 mm, 14. janúar. Meðalvindhraði í janúar voru 4.6 hnútar.

**Í febrúar** bar mest á sunnan og suðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 13.3 stig, 18. febrúar. Lágmarkshiti mældist –16.1 stig, 8. febrúar. Meðalhiti í febrúar var –1.3 stig. Meðalsnjódýpt í febrúar var 102 cm., mest 112 cm, 7. og 8. febrúar. Úrkoma í febrúar var 54.8 mm, mest 14.2 mm 4. febrúar. Meðalvindhraði í febrúar voru 8 hnútar. Fnjóská ruddi sig 19. febrúar, mjög tilkomumikil sjón, og barst ís langt upp á tjaldsvæðið í Hróarstaðanesi.

**Í mars** bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 13.3 stig, 9. mars. Lágmarkshiti mældist –6.4 stig, 6. mars. Meðalhiti í mars var 2.38 stig. Meðalsnjódýpt í mars var 15 cm, mest 24 cm., 30. mars. Úrkoma í mars var 45.2 mm, mest 11.7 mm, 17. mars. Meðalvindhraði í mars voru 7.8 hnútar.

**Í apríl** voru suðaustlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 13.6 stig, 24. og 25. apríl. Lágmarkshiti í apríl var –5.8 stig, 7. apríl. Meðalhiti í apríl var 3.54 stig. Snjór mældist á jörðu 23 daga í apríl, mest 16 cm., 1. apríl. Úrkoma í apríl var 34.4 mm, mest 9.5 mm, 16. apríl. Meðalvindhraði í apríl voru 6.0 hnútar. Skógarþröstur og gæsir komnar 1. apríl, stelkur 19. apríl, hrossagaukur og lóa 21. apríl, maríuerlan kom 28. apríl.

**Í maí** voru breytilegar áttir en nokkuð var líka um norðlægar áttir. Hámarkshiti í maí mældist 20.0 stig, 26. maí. Lágmarkshiti mældist –5.3 stig, 20. maí. Meðalhiti í maí var 5.49 stig. Snjór mældist á jörðu 8 daga í maí, mest 14 cm, 7. maí. Úrkoma í maí var 71.2 mm, mest 15.8 mm, 3. maí. Meðalvindhraði í maí voru 4.8 hnútar. Krían og spóinn komin 9. maí. Tún algræn 16. maí. Úthagi farinn að grænka 24. maí.

**Í júní** voru austan og norðaustlægar áttir tíðastar. Hámarkshiti mældist 19.7 stig, 28. júní. Lágmarkshiti mældist –1.9 stig, 18. júní. Meðalhiti í júní var 9.43 stig. Úrkoma í júní var 24.1 mm, mest 10.9 mm, 3. júní. Meðalvindhraði í júní voru 5.3 hnútar. Úthagi algrænn 5. júní. Sláttur hafinn í Fnjóskadal 19. júní.

**Í júlí** voru austlægar áttir og hægviðri. Hámarkshiti mældist 24.4 stig, 9. júlí. Lágmarkshiti var 0.0 stig, 4. júlí. Meðalhiti í júlí var 11.64 stig. Úrkoma í júlí var 25.1 mm, mest 10 mm, 15. júlí. Meðalvindhraði í júlí voru 5.0 hnútar. Mikið moldrok var 30. júlí.

**Í ágúst** bar mest á hægviðri og norðaustlægum áttum. Hámarkshiti mældist 27.5 stig, 13. ágúst. , sem var jafnframt hæsti hiti sem mældist á árinu. Lágmarkshiti var –0.6 stig, 30. ágúst. Meðalhiti í ágúst var 10.75 stig. Úrkoma í ágúst var 12,8 mm, mest 4,7 mm, 29. ágúst. Meðalvindhraði í ágúst voru 3.0 hnútar. Fyrri túnslætti almennt lokið 6. ágúst. Birki og gulvíðir voru farin að gulna þar sem grunnur jarðvegur er, vegna þurrka 8. ágúst.

**Í september** var hægviðri og norðaustlægar áttir algengastar. Hámarkshiti mældist 16.9 stig, 8 sept. Lágmarkshiti var -3.8 stig, 15. sept. Meðalhiti í september var 6.65 stig. Úrkoma í september var 112.1 mm, mest 27.7 mm, 21. september. Meðalvindhraði í september voru 6.0 hnútar. Úthagi farinn að sölna 14. sept. Gránaði í fjöll 14. og 16. september.

**Í október** voru breytilegar áttir, hægviðri og norðanáttir þó tíðastar. Hámarkshiti mældist 14.4 stig, 1. október. Lágmarkshiti var -14 stig, 28. október. Meðalhiti í október var 1.59 stig. Úrkoma í október var 135.3 mm, mest 23.0 mm, 4. október. Meðalvindhraði í október voru 5.3 hnútar. Snjór mældist á jörðu í 14 daga í október, mest 30 cm, 19. og 20. október.



**Í nóvember** voru sunnan og suðaustlægar áttir algengastar en nokkuð var um hægviðri. Hámarkshiti mældist 14.2 stig, 6. nóvember. Lágmarkshiti í nóvember var -16.1 stig, 20. nóvember. Meðalhiti í nóvember var -1.67 stig. Meðalsnjódýpt í nóvember var 19 cm, mest 25 cm, 19 nóvember. Meðalvindhraði í nóvember voru 4.5 hnútar. Gosaska féll 3. nóvember frá eldgos í Vatnajökli.

**Í desember** bar mest á suðlægum áttum. Hámarkshiti mældist 6.7 stig, 12. desember. Lágmarkshiti var -18.6 stig, 18. desember, sem var lægsti hiti, sem mældist á árinu. Meðalhiti í desember var -3.35 stig. Meðalsnjódýpt í desember var 37 mm, mest 56 mm, 26., 27. og 28. desember. Meðalvindhraði í desember voru 6.1 hnútar.

## 1.2. Tafla yfir hita og úrkomumælingar í Lerkihlíð 2004

	Meðalhiti C°		Úrkoma mm.	
Janúar	-4,11	( -2,76)	201,5	( 66,6)
Febrúar	-1,30	( 0,52)	54,8	( 66,3)
Mars	2,38	( 1,57)	45,2	( 49,0)
Apríl	3,54	( 4,44)	34,4	( 15,5)
Maí	5,49	( 4,26)	71,2	( 30,7)
Júní	9,43	(10,27)	24,1	( 40,1)
Júlí	11,64	(10,96)	25,1	( 65,8)
Ágúst	10,75	(11,72)	12,8	( 57,0)
Sept.	6,65	( 6,32)	112,1	( 52,3)
Okt.	1,59	( 1,23)	135,3	( 63,7)
Nóv.	-1,67	(-1,24)	80,5	( 80,6)
Des.	-3,35	(-3,13)	77,3	(106,2)
	<b>3,42</b>	<b>( 3,68)</b>	<b>874,3</b>	<b>(693,8)</b>

**Tölur í svigum sýna hita og úrkomu 2003**



## 1.2. Meðalhiti í júní - september.

Meðalhiti í júní – sept. var 9.62 stig, en var 9.82 stig sömu mánuði 2003.

## 1.3. Hitastig undir frostmarki við jörð 10. maí - 20. sep

13/5	-0,3	10/6	-0,4	21/8	-0,1
18/5	-1,2	18/6	-3,0	30/8	-2,0
19/5	-3,2	22/6	-1,6	14/9	-1,0
20/5	-7,3	25/6	-1,0	15/9	-5,2
24/5	-4,7	4/7	-1,9	17/9	-0,2
7/6	-2,3	16/8	-0,5	18/9	-0,6
9/6	-0,1	18/8	-0,7		

## 1.4. Tafla yfir hámarkshita yfir 20. stig

26/5	20,0	3/8	22,2	11/8	26,3
8/7	22,4	6/8	20,0	12/8	20,3
9/7	24,4	9/8	25,8	13/8	27,5
10/7	22,0	10/8	24,8	14/8	22,7
22/7	20,7				

## 2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

### 2.1. Laufgun og lauffall

Birki komið með græna sliktu 25. maí, hálfútsprungið 27. maí og allaufgað 30. maí. Birki farið að gulna og komið með haustlit 24. ágúst. Lauffall var nokkuð á birki 6. september og mikið lauffall 17. september og allt lauf fallið af birki 9. október.

Lerki komið með græna sliktu 22. apríl, hálf útsprungið 10. maí og algrænt 23. maí. Lerki farið að gulna 23. september og algulnað og mikið nálafall 10. október.

### 2.2. Vöxtur

Vöxtur á trjágróðri var mjög góður þetta ár. Víða sáust árssprotar á trjágróðri, sem sjaldan hafa sést áður.

### 2.3. Fræfall

Fræfall á birki var nokkuð en nokkuð misjafnt. Lítlsháttar var safnað af trjám í Þórðarstaðaskógi og Vaglaskógi. Fræfall var nokkuð á greni og furu en engu var safnað af því nema lítlsháttar af skógarfuru, til að fá til rannsókna. Frærækt í fræhúsi á Vöglum gekk ekki nógu vel vegna lítillar spírunar. Hafa verður í huga að þetta verkefni er á tilraunastigi ennþá og verður að feta sig áfram hvernig bestur árangur næst. Það sem safnað var af trjáfræi á árinu 2004 var sem hér segir.

#### Úr skógi:

Þórðarstaðaskógur	Birki	1050 gr
	Skógarfura	50-100 gr
Vaglaskógur	Birki	290 gr

#### Úr fræhúsi:

Rússalerki	3675 gr	24% spírun
Fjallalerki	950 gr	15% spírun
Sifja x rússalerki	173 gr	20% spírun

Ekkert birki var í húsinu þetta ár, en það stendur til bóta næsta ár.

### 2.4. Skaðar

Skaðar voru ekki miklir þetta ár. Tígurvefari kom í birki víða, en var ekki eins mikill og síðustu ár og leit birkiskógurinn betur út seinnihluta sumars en undanfarin ár.

Nokkuð bar á köngulingi eins og síðustu ár. Víða ber birkiskógurinn þess merki að mikill maður hefur verið síðustu ár og þá helst eldri trén.

### 3. STARFSFÓLK

Starfsfólk var færri en síðustu ár. Hætt var að reka mötuneyti á Vöglum og var því ekki ráðin ráðskona. Ekkert sumarfólk var ráðið. Guðni Þ. Arnþórsson var verkstjóri og aðstoðarskógarvörður. Sigurpáll Jónsson var verkstjóri í skógi. Margrét Guðmundsdóttir sá um skrifstofustörf, bókhald, kortavinnu o.fl. Guðrún Jónsdóttir vann í gróðrarstöð, frærækt, erfðaeftni og við veðurtöku. Einnig sá hún um afgreiðslu á plöntum fyrir Norðurlandsskóga, sem afgreiddar voru frá dreifingarstöð á Vöglum. Aðrir starfsmenn voru Benedikt Karlsson, Kristján Jónsson, Ingimundur Gunnarsson og Teitur Davíðsson. Benedikt Karlsson hætti störfum í nóvember vegna aldurs og vil ég þakka honum góð störf.

Starfsmenn voru 9 á launaskrá þegar flest var.

Laun og launatengd gjöld voru alls kr. 23,203,781, sem skiptust þannig: BSRB laun kr. 6,630,508, dagpeningar kr. 741,393, akstur kr. 292,881, ASÍ laun kr. 15,538,999.

### 4. GIRÐINGAR

#### 4.1. Viðhald

Viðhald girðinga var nokkuð mikið þetta ár. Snjóflóð fór á girðinguna í Vaglaskógi og Þórðarstaðaskógi. Úðað var með roundop undir rafgirðingu í Þórðarstaðaskógi. Unnið var áfram að niðurrifi gamalla girðinga í samstarfi við verkefnið “Margar hendur vinna létt verk” hjá Landsvirkjun. 5 manna flokkur kom frá Kröflu og var í 5 daga. Unnið var á Sandhaugum í Bárðardal og í Fellsskógi. Þetta samstarf hefur tekist mjög vel og vil ég þakka Landsvirkjun góða aðstoð við þarft verk.

Kostnaður við viðhald girðinga var kr. 1,051,685, sem skiptust þannig: Laun og launatengd gjöld kr. 911,903, alls 731 vinnustundir. Verktakar kr. 80,500. Annar kostnaður kr. 59,282.

Kostnaður við smölun var kr. 115,556, þar af kr. 93,151 í verktaka.

#### 4.2. Nýgirðingar

Engar nýgirðingar voru girtar á árinu

### 5. SKÓGARHÖGG

#### 5.1. Viður

Skógarhögg og grisun var mest eins og síðustu ár í Vaglaskógi, Þórðarstaðaskógi og svolítið á Vöglum á Þelamörk, Reykjarhól og Kristnesi.

**Í Vaglaskógi:** Birki var grisjað í reit 318 og birki tekið ofan af blágreini og rauðgreini í reitum 296, 391 og 392. Í reit 334 var grisjuð stafafura og hvítgreini og í reit 340 var grisjaður blandskógur af skógarfuru, stafafuru og rauðgreini. Tekið var lerki í platta úr reit 292. Grisjað var meðfram vegum og tekin birkitré sem höfðu brotnað.

**Í Þórðarstaðaskógi:** Grisjað var birki við efri veg sunnan Búðagils og birki og rauðgreini neðan aðalvegjar, sunnan við kofarjóður. Gerður var slóði að stórum birkitrjám ofan efri vegjar, sunnanlega og tekin nokkur stór rauðgreini sem þrengdu að þeim.

**Á Vöglum á Pelamörk:** Lerki var uppkvistað og grisjað í reit 92. Í reitnum eru ræktuð rauðgreni jólatré með lerkinu. Tekið var plattaefni af lerki og birki úr nokkrum reitum.

**Í Reykjarhól:** Grisjuð var fura í reit 50. Fura og annar viður var kurlaður í stíga.

**Í Kristnesi:** Unnið var við gönguleiðir í samstarfi við sjúkrahúsið. Felld voru nokkur stór tré, sem höfðu brotnað.

Felldur viður:

Birki	ca	110 tonn
Lerki	ca	4 tonn
Greni	ca	20 tonn
Fura	ca	18 tonn

### 5.1.1. Sala girðingarstaura

Engir girðingastaurar voru seldir á árinu.

### 5.1.2. Viðarsala

Arinviður stórir ca 20 kg	4,132	pk	Beðkurl saltp.	30	m <sup>3</sup>
Arinviður litlir ca 12 kg	340	pk	Beðkurl pk	45	pk
Smíðaviður	205,6	m	Eldiviður	3	m <sup>3</sup>
Reykingaviður	1,973	kg	Viðarkol	28	kg
Birkikurl/flís	4,475	kg			
Plattar	1,981	stk			

Komið var upp þurrkgám á Vöglum og hefur hann breytt miklu um gæði arinviðar.



Þurrkgámur fyrir við



Arinviður í þurrkun

### 5.1.3. Birgðir í árslok

Birki óunnið	ca	16 tonn	Plattar óheflað	3,516	stk
Greni óunnið	ca	12 tonn	Plattar heflað birki	835	stk
Fura óunnið	ca	15 tonn	Plattar heflað lerki	4,510	stk
Smíðaviður greni		10 m	Viðarkol	47	kg(salli)
Smíðaviður birki		209 m	Birkikurl/flís	1,250	kg
Smíðaviður lerki		144 m	Reykingarviður	260	kg
Smíðaviður fura		19 m	Staurar 5 fet	257	stk
Arinviður stórir		542 pk	Staurar 6 fet	930	stk
Arinviður litlir		154 pk	Eldiviður	12	m3

Vinnustundir við skógarhögg og viðarvinnslu voru 4,020 og laun og launatengd gjöld kr. 4,149,080.

### 5.2. Jólatré

Byrjað var að fella jólatré 9. nóvember og eftir þörfum eftir það fram til jóla. Alls voru felld 306 tré á eftirtöldum stöðum

	<b>Rauðgr</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallap</b>	<b>Samtals</b>
Sigríðarstaðaskógur	118	10	10		138
Vaglaskógur	3		4	17	24
Vaglir Þelamörk	60	47		4	111
Þórðarstaðaskógur	23	3	5		31
<b>Alls</b>	<b>204</b>	<b>60</b>	<b>19</b>	<b>21</b>	<b>304</b>

### Seld tré

<b>Stærð</b>	<b>Rauðgr</b>	<b>Stafafura</b>	<b>Blágreni</b>	<b>Fjallap</b>	<b>Samtals</b>
Veggtré					
070-100					
101-125	21	1	1	1	24
126-150	60	8	8	6	82
151-175	56	33	2	6	97
176-200	10	5			15
201-250	30		1	1	32
251-300	7	1	2		10
301-400	1			1	2
401-500	3				3
<b>Alls</b>	<b>188</b>	<b>48</b>	<b>14</b>	<b>15</b>	<b>265</b>



Laun og launatengd gjöld vegna töku og afhendingar jólatrjáa og greina var kr.437,245, alls 388 vinnustundir.

**Tekjur skiptust þannig:**

	<b>Sala</b>	<b>Aðkeypt</b>	<b>Mismunur</b>
Jólatré	647,052		647,052
Greinar	46,768		46,768
<b>Samtals</b>	<b>693,820</b>		<b>693,820</b>

## **6. GRÓÐRARSTÖÐ**

### **6.1. Fræplöntur.**

Sáð var í júní, blágreni, rússalerki, sitkabastarð og stafafuru, nokkrir bakkar af hvorri tegund nema rússalerki sem sáð var í 4 sáðbakka og svo prikklað í FP40 bakka.

### **6.2. Dreifsetning**

Engum græðlingum var stungið 2004.

### **6.3. Garðplöntur**

Pottaplöntur voru seldar fyrir kr. 598,498, beðplöntur voru seldar fyrir kr. 17,350 og afh millif v/eigin skóglenda fyrir kr. 455,421. Engum sumargræðlingum var stungið en pottaðar voru 100 plöntur.

Seldar og afhentar voru 2,036 pottaplöntur og 240 beðplöntur.

### **6.4. Afhending skógplantna**

Afhentar voru 3,479 fjölpottaplöntur úr gróðrarstöðinni.

Seldar fjölpottaplöntur	kr	62,189
Millifærslur í eigin skógl.	kr.	822
<b>Samtals</b>	<b>kr</b>	<b>63,011</b>

## 6.5. Illgresiseyðing

Illgresiseyðing var svipuð og síðustu ár.

## 6.6. Nýframkvæmdir

Engar nýframkvæmdir voru á árinu.

## 6.8. Kostnaður

<b>Vaglir</b>	<b>Kr.</b>	<b>Vinnust.</b>
Afhending	38,154	36
Plöntuuppeldi almennt	276,791	178
Bakkaþvottur	9,441	10
Moldarfylling	27,342	29
Sáning	6,892	6
Pottun	26,202	22
Stiklingar viðargræðingar	4,150	3
Umhirða	349,400	334
Upptaka	3,578	4
Verkstjórn	84,760	66
Vetrarumbúnaður	27,229	28
Viðhald	34,167	34
Kjarasamningagjöld	30,344	30
<b>Alls</b>	<b>918,450</b>	<b>780</b>

## 7. GRÓÐURSETNING

### Tafla yfir tegundir, kvæmi og plöntufjöldi

	Tegundir	Aldur	Kvæmi	Nr	Fjöldi	Reitur
Hálsmelar leiga	Rússalerki	2/0	Imatra	200002	<b>700</b>	567
Reykjarhóll	Alaskasedrusviður		pt		2	60
	Risalífviður		pt		2	60
	Hvítþinur		pt		2	60
	Fjallapöll		pt		4	60
	Fjallapöll		pt		1	63
	Himalajaeinir		pt		2	63
	Dögglingviður		pt		1	63
					<b>14</b>	
Vaglaskógur	Blágreni		pt		237	neðsti reitur
	Rauðgreni		pt		68	suður
	Sitkabastarður		pt		23	“
	Reyniviður		pt		22	“
	Hengibirki		pt		17	“
	Birki		pt		21	“
	Selja		pt		13	“
					<b>401</b>	
	Víðiplöntur	pt	í sýningarreit		120	safn við hlið
	Kvistir	“	“		48	reit 328b
	Toppar	“	“		27	“
	Misplar	“	“		11	“
	Rósir	“	“		35	“
	Berjarunnar	“	“		16	“
	Runnamura	“	“		29	“
	Sírenur	“	“		15	“
	Súluösp	“	“		2	“
	Reyniviður	“	“		4	“
	Heggur	“	“		5	“
	Hornviður	“	“		3	“
	Baunatré	“	“		5	“
	Greni	“	“		5	“
	Einir	“	“		30	“
	Þyrnar	“	“		3	“
	Yllir	“	“		3	“
	Amall	“	“		2	“
	Berberis	“	“		13	“
	Ýmis tré	“	“		10	“
	Ýmsir runnar	“	“		36	“
					<b>422</b>	
	Víðiplöntur	FP	“		<b>40</b>	“

Laun og launatengd gjöld við gróðursetningu kr. 332,723, alls 289 vinnustundir.

## 8. HIRÐING PLANTNA

Unnið var við hirðingu plantna í eftirtöldum skóglendum:

Ásbyrgi	kr. 26,625	24 tímar
Grundarreitur	kr. 7,699	5 tímar
Kristnes	kr. 17,301	13 tímar
Reykjarhóll	kr. 72,956	52 tímar
Vaglaskógur	kr. 106,820	95 tímar
Vaglir Þelamörk	kr. 74,663	65 tímar
Þórðarstaðaskógur	kr. 72,317	64 tímar

## 9. BYGGINGAR

Viðhald húseigna var í lágmarki þetta ár, aðeins gert við það sem nauðsynlegt var. Lokið var við að endurnýja vatnsbólið, sem byrjað var á 2003. Er nú komið fullkomið vatnsból með starfsleyfi. Mikil þörf er á að endurnýja þak á skemmu, en það er á áætlun á næsta ári. Aðstöðuhús og geymsluskúr í Reykjarhól voru seld Sveitarfélaginu Skagafirði á árinu.

## 10. VÉLAR OG VERKFÆRI

Viðhald véla var með meira móti þetta ár, þá aðallega á dráttarvélum. Keyptur var nýr viðarvagn með krana og nýr sturtuvagn. Viðarvagninn breytti miklu um flutning á viði úr skógi. Keypt var ein ný keðjusög og ein toppgreinasög (keðjusög). Eins og fram kemur í kaflanum um viðarsölu, var keyptur þurrkbúnaður sem komið var fyrir í einangraðum gám, og hefur hann breytt miklu um gæði arinviðar, sem sendur er á markað. Byrjað er að gera tilraunir með þurrkun á birkikurli, sem notað er í reykofna. Búið er að panta sagarbekk, sem bæði er með keðjusög og bandsög, til að fletta við.



Nýr viðarvagn í notkun

## **12. ÝMISLEGT**

### **12.1. Fundir og ferðalög**

Fundir og ferðalög voru með minna móti þetta ár. Fór nokkrar ferðir austur í Egilsstaði og Hallormsstað, vegna funda með yfirstjórn og námskeiða. Fór í Skagafjörð nokkrar ferðir vegna samninga við Sveitarfélagið Skagafjörð um yfirtöku á landi og sölu á húsum í Gróðrarstöðinni Laugabrekku í Reykjarhól. Sat aðalfund Skógræktarfélags Íslands í Kópavogi í ágúst. Fór austur í Hallormsstað og í Hrafnagilsskóla í Eyjafirði ásamt starfsmönnum, vegna skólaverkefnis. Heimsótti eins og venja er skóglendi á Norðurlandi, vegna eftirlits og framkvæmda. Sat 6 stjórnarfundum Norðurlandsskóga á árinu.

### **12.2. Ferðafólk**

Tjaldsvæðið í Vaglaskógi var leigt Ferðahjónustinni í Vaglaskógi eins og síðustu ár, en verslunin var leigð Sigurði Jónssyni á Draflastöðum til reksturs. Aðsóknin var með meira móti þetta ár.

Skráðar gistinætur í Vaglaskógir voru 13,476, sem skiptust þannig eftir mánuðum: Í júní 1,724, í júlí 6,862 og í ágúst 4,890.

Tekjur af útivistarsvæði voru kr. 650,000.

Laun og launatengd gjöld kr.265,453, 239 vinnustundir. Annar kostnaður kr. 246,448.

### **12.4. Annað**

Lítið var um heimsóknir og móttökur þetta ár. Í ágúst kom Skógræktarfélag Íslands með lítinn hóp og skoðaði skóglendi í Fnjóskadal. Haldið var námskeið fyrir kennara í Hrafnagilsskóla á vegum skólaverkefnisins í byrjun ágúst. Yngri bekkir Litlu Laugaskóla komu í heimsókn og fræddust um skóginn í byrjun september. Starfsfólk á Hallormsstað kom í heimsókn 15. – 16. september og garðyrkjustjórar sveitarfélaganna komu og kynntu sér starfsemina í byrjun október.

Freyr Ævarsson fékk aðstöðu og aðstoð við greiningu á sýnum í frostþolsrannsókn á haustdögum.

Gengið var frá samningi við Sveitarfélagið Skagafjörð um yfirtöku á landi sem áður var undir gróðrarstöðinni í Laugabrekku og sölu á 2 húsum sem þar eru.

Undirbúningur að bæklingi um Vaglaskóg hefur verið í vinnslu hjá fyrirtækinu

Athygli og er vonast til þess að hann komi út fyrirpart næsta árs.

Vegna tilkomu nýrra og stærri tækja fóru flestir starfsmenn á námskeið og síðan í próf hjá Vinnueftirliti ríkisins og fengu vinnuvélaréttindi.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu á landinu öllu gott samstarf á árinu.

15. maí 2005

Sigurður Skúlason, skógarvörður